

# Starfsáætlun

## Víkin 5 ára deild-GRV

Skólaárið 2019-2020



Gleði - öryggi - vinátta

[www.vikin.leikskolinn.is](http://www.vikin.leikskolinn.is)

**Innihald**

Um leikskólann.....	2
Tölulegar upplýsingar - börn.....	2
Sérkennsla .....	3
Starfsmannamál.....	3
Faglegar áherslur .....	4
Mat og umbætur.....	6
Samstarf við grenndarsamfélag .....	9
Samstarf við foreldra.....	10

## Um leikskólann

Víkin, 5 ára deild er hluti af Grunnskóla Vestmannaeyja og er leikskóladeild fyrir börn á síðasta ári leikskólans. Víkin er staðsett í suðurenda Hamarsskóla, sem stendur við Foldahraun. Víkin samanstendur af þremur deildum, Heimakletti, Miðkletti og Ystakletti ásamt því

að hafa fjórðu stofuna, Herjólfsdal til umráða. En í Herjólfsdal er aðstaða fyrir starfsfólk, leikrými fyrir börn og lítið herbergi fyrir sérkennslu sem er kallað Fjósaklettur.

Skólastjóri Grunnskóla

Vestmannaeyja er Anna Rós


Hallgrímsdóttir og aðstoðarleikskólustjóri er Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir.

Skólaárið 2019-2020 er ellefta starfsár leikskóladeildarinnar, en fjórða starfsár hennar undir Grunnskólanum í Vestmannaeyjum. Starfsáætlun þessi tekur gildi 1. september 2019 og er afhent Vestmannaeyjabæ.



## Tölulegar upplýsingar – börn

Við upphaf skólaársins 2019 - 2020 eru 58 börn í leikskólanum. Þar af eru 34 strákar og 24 stelpur og eru það 446,7 dvalargildi. Tvö börn eru með sex tíma vistun, sjö börn með vistun á milli 6,25 - 7 klukkutíma, 36 börn með vistun á milli 7,25 og 8 tíma og 13 börn með vistun á milli 8,25 og 9 klukkutíma.



## Sérkennsla

Guðrún Benonýsdóttir er sérkennslustjóri hjá Vestmannaeyjabæ og mun hún vera hjá okkur eftir hádegi á miðvikudögum og fyrir hádegi á föstudögum. Þá sinnir hún ráðgjöf og greiningu ásamt því að taka börn í þjálfun. Guðrún sinnir þjálfun hjá 14 börnum, þar af eru þrjú börn sem fara til hennar tvisvar í viku.



Nina Anna Dau er sérkennari hjá Grunnskóla Vestmannaeyja og fáum við átta kennslustundir á viku þar sem hún sinnir málörvun í litlum hópum. Hún sá einnig um framkvæmd Hljóm-2 prófsins í ár. Við upphaf skólaárs 2019 eru 18 börn í sérkennslu hjá Ninu sérkennara, þar af

eru níu börn sem eru einnig í þjálfun hjá Guðrúnu. En sífellt er verið að meta og skoða hvort fleiri börn þurfi sérkennslu.

Hljóm-2 prófið var tekið á þeim börnum sem höfðu aldur til í september og þá kom í ljós að talsvert var af börnum sem þurftu auka örvun. Þau börn eru nú í málörvun hjá Ninu ásamt öðrum. Þrjú börn hafa pólsku sem móðurmál en einnig eru börn sem tala sænsku, arabísku, dönsku og ensku á leikskólanum.

Þrjú börn er með stuðning inni á deild, sjö tíma, fimm tíma og þrjá tíma. Sex börn eru í eða á bið eftir ferli hjá sálfræðingi eða talmeinafræðingi.

## Starfsmannamál

Komandi skólaár munu þrjár deildir vera starfræktar í Víkinni. Heimaklettur, Miðklettur og Ystiklettur. Reiknað er með þremur starfsmönnum á deild ásamt starfsmanni sem fer með stuðning inni á deild. Þrjú börn eru með stuðning. Eitt barn er inni á Heimakletti er með fimm tíma stuðning,

eitt barn inni á Miðkletti er með þriggja tíma stuðning og eitt barn inni á Ystakletti er með sjö tíma stuðning. Aðstoðarleikskólastjóri sér að mestu um skipulag og utanumhald starfseminnar í góðu samstarfi við skólustjóra Grunnskólans. Í Víkinni eru því 18 starfsmenn í 13,2 stöðugildum. Þá eru nokkrir starfsmenn innan skólans og tónlistarskólans sem sinna kennslu einn tíma á viku, annað hvort tímabundið eða yfir veturinn. Arna Björg Sigurbjörnsdóttir er með leikfimi fyrir börnin einu sinni í viku, Eyvindur Ingi Steinarsson sér um tónlistarkennslu einu sinni í viku og Súsanna Georgsdóttir sér um danskennslu 5 tíma á vorönn. Aðrir starfsmenn sem koma ekki að starfinu á beinan hátt eru, Einsí Kaldi og hans starfsfólk sem sér um hádegismatinn okkar, skólaliðar sjá um







Í sköpun leggjum við áherslu á að börnin fái tækifæri til að tjá sig í gegnum listirnar. Við leggjum áherslu á að gefa börnunum frelsi til að vinna á eigin forsendum og eflum þannig sjálfstæði og sköpunargleði þeirra. Þar fer fram þjálfun á fínhyfingum, efling á hugmyndaauðgi og frumkvæði og að vinna hugsanir sínar í gegn um mismunandi efnivið. Þar fer einnig fram úrvinnsla á því sem þau hafa lært í þemavinnunni okkar, sem fer að miklu leyti fram inni á deildunum.

Við skiptum árinu niður í þemu og lita þau starfið okkar yfir árið. Þau þemu sem unnið verður með á skólaárinu 2019 - 2020 eru: eyjafuglar, gleði, öryggi og vinátta (einkunnaorð GRV), dagur íslenskrar tungu, fjölskyldan, jólin, eldgosið, þorrinn, hafið, páskar og Tyrkjaránið.

*Stig af stigi* er kennsluefni fyrir 4 - 10 ára börn. Námsefninu er skipt upp í þrjú hluta og er sá fyrsti ætlaður tveimur elstu árgöngunum í leikskóla og fyrsta bekk í grunnskóla. Á þessum árum reynir mikið á félagsfærni barna enda eru börnin sífellt að kynnast nýju fólki og umhverfi.



Leiðir til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd barna eru margar, s.s. hrós og hvatning og að stuðla að vináttu og tengslamyndun. Í Stig af stigi er markmiðið að efla félags- og tilfinningaproska barna og að þau læri að sýna viðurkennda hegðun og koma tilfinningum sínum í orð.



Einu sinni í viku fáum við markvissa tónlistarkennslu en þá fáum við tónlistarkennara til okkar sem syngur og leikur með börnunum.

Útivera er öllum börnum mikilvæg. Á Íslandi er allra veðra von, en mikilvægt er að börn venjist íslenskri veðráttu strax. Við leggjum því áherslu á að reyna að fara út að minnsta kosti einu sinni á dag.

Víkin heyrir undir Grunnskóla Vestmannaeyja og vinnur náð með skólanum að því að brúa bilið milli leik- og grunnskóla til að gera upphaf grunnskólagöngu eins auðveldla og mögulegt er. Hluti af þessu samstarfi er að æfa sig að fara í íþróttahúsið, þar er farið í leikfímistíma undir leiðsögn íþróttakennara skólans. Þar fá börnin útrás og þjálfu grófhreyfingar ásamt því að læra að fara í búningsklefana og klæða sig í og úr fyrir og eftir tímann.

Við fáum nokkra tíma í danskennslu undir lok vorannar. Þar lærum við tvo dansa og tókum þátt í danssýningu með hinum börnum skólans.



Þar að auki förum við í frístundaverið að leika og með því æfum við leiðina þangað, fáum að kynna húsnaðinu og léttum í leiðinni álagið á deildunum.

Í maí er vorskólinn, en það eru tvisvar sinnum tvær klukkustundir þar sem börnin fara í skólann. Þau fara í stofuna sína og hitta tilvonandi kennara sinn. Þar vinna þau verkefni, fara í frímínútur og borða nesti.



## Mat og umbætur

Í ár er fyrsta árið í innleiðingu á innra mati leikskólans. Ætlunin er að byrja rólega og vinna að því að fastmóta það á næstu árum. Hér er skammtímaáætlunin um innra mat Víkurinnar þetta skólaárið. Við komum til með að hafa eftirfarandi punkta til hliðsjónar á deildastjóra- og deildafundum vetrarins og munum svo á fundum í maí meta hvað gekk vel og hvað má betur fara.

### Stjórnun:

#### Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi:

- Námskrá sé aðgengileg.
- Upplýsingaflæði til starfsfólk og foreldra sé gott.
- Leikskólastjóri sé sýnilegur.
- Leikskólastjóri hvetur leikskólakennara og annað starfsfólk markvisst til að auka sífellt gæði náms og starfs.
- Stefna, starf og markmið skólans séu skýr.
- Stjórnandi fylgir því eftir hvort markvisst sé unnið að stefnu skólans.

#### Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur:

- Aðstoðarleikskólastjóri mun skrá niður verklagsreglur sínar. Einnig mun hann setjast niður með grunnskólastjóra GRV og fara yfir stöðu mála. Jafnframt mun aðstoðarleikskólastjóri setjast niður með deildastjórum og fara yfir starfslýsing sína sem og starfslýsingu deildastjóra. Mappa með starfslýsingum þeirra sem starfa innan skólans skal vera inni á hverri deild. Starfslýsing grunnskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildastjóra, leikskólakennara, aðstoðarleikskólakennara, þroskaþjálfra og leiðbeinanda í leikskóla.

- Starfsmannaviðtöl ár hvert.
- Forgangsröðun á nýtingu fjármagns og hvernig er leikskólinn rekinn á því fjármagni.
- Undirritun starfsmanna á trúnaðar- og þagnarskildu.

#### Faglegt samstarf:

- Hér ætlum við að leita til deildastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Umræður á deildastjórafundum hvernig þeirra upplifun er á faglegu samstarfi innan sem utan leikskólans. Þeir fagaðilar sem tengjast skólanum eru: stjórnendur GRV í Hamarsskóla, sérkennari, sérkennslustjóri leikskóla Vestmannaeyja, sálfræðingur Vestmannaeyja, ráðgjafaproskafjálfi Vestmannaeyja, talmeinafræðingur, félagsþjónustan og fræðslufulltrúi Vestmannaeyja.
- Eru fundir boðaðir með góðum fyrirvara? Eru til fundagerðir?
- Samstarf milli Víkurinnar og Hraunbúða.
- Annað samstarf?

#### Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur:

- Gera þarf skólanámskrá. Stefnum að því að hún verði klár við lok skólaársins 2019-2020
- Starfsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020.
- Langtímaáætlun fyrir innramat er komin og verður birt í námskrá skólans.
- Skólanámskrá á að vera sýnileg og aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Á skipulagsdögum og starfsmannafundum höfum við farið yfir hvernig við vinnum það starf sem áætlað er að sinna hvern vetur. Hver deild hefur sína stundaskrá og þar koma fram ákveðnar kennslustundir, s.br. íslenska, stærðfræði, listir, tónlist, leikfimi, dans, stig af stigi, frjáls leikur og fleira. Búið er að setja niður hvað á að kenna í hverri kennslustund, s.br. í íslensku eru lögð inn máhljóðin og notast er við kennslugögnin Lubbi finnur málbein. Í stærðfræði eru lagðir inn tölustafir frá einum upp í tíu. Í öllum kennslustundum eru því gögn sem við vinnum eftir og eigum að ná að leggja inn yfir veturinn.
- Eftir veturinn munu deildastjórar skila til leikskólastjóra skýrslu um mat á starfi verarins, hvernig þeim til tókst og hvort unnið var eftir því sem ákveðið var.
- Uppeldis og menntastarf.



**Uppeldis og menntastarf:**Skipulag náms og námsaðstæður:

- Fara yfir húsnæði og útisvæði leikskólans. Er leikskólinn að bjóða börnum upp á uppbyggilegt námsumhverfi?
- Fara yfir efnivið, náms- og kennslugögn. Eru þau aðgengileg fyrir starfsfólk?
- Hljóðvist leikskólans. Hvernig upplifir starfsfólk, börn og foreldrar hljóðvistina?
- Námsgögn. Er leikskólinn vel settur að námsgögnum t.d. bækur, spil, leikföng, púsl, ritföng og öðrum efnivið.
- Umræður um þetta hér fyrir ofan verða á deildastjórafundi og í framhaldi að því verður tekin ákvörðun um úrvinnslu þessara punkta.

Námskvið leikskólans:

- Eftirfarandi spurningar verða lagðar til umræðu á deildafundi í maí 2020 þar sem farið verður yfir úrbætur.
  - Er unnið með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri?
  - Er ritmál sýnilegt?
  - Er unnið markvisst með heimamenningu allra barna?
  - Er unnið með jákvæð samskipti og félagsleg tengsl.

Mat á námi og velferð barna:

- Reglulegar skráningar eru gerðar á framförum allra barna.
- Mat á hæfni, námi og velferð barna tekur til margra þátta (s.s. alhliða þroska, sjálfstæðis, áhugsviðs, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkenndar, frumkvæðis og sköpunarkrafts, tjáningar og samskipta).
- Mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra.
- Börn taka þátt í að meta nám sitt.
- Börn fá tækifæri til að setja sér markmið.
- Starfsfólk hefur svigrúm til að sinna skráningu og mati.
- Þessir punktar verða lagðir inn á deildastjórafundi. Skapa með þeim umræður inni á deildum við samkennara. Hver er okkar staða?



Það mat sem við höfum verið með hingað til og munum halda áfram með í vetur er útfyllingalistar fyrir foreldraviðtöl, sem er samantekt úr ýmsum áttum á stöðu barnanna, þá lista erum við með yfir allt árið og skráum hjá okkur jafnóðum í hópstarfi. Þannig fylgjumst við með getu barnanna og sjáum hvar þau standa í hvert sinn.

Í september/október er Hljóm-2 lagt fyrir öll börn leikskóladeildarinnar HLJÓM-2 er greiningartæki, aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Niðurstöður þessara skimunarprófa eru svo nýttar til að skipuleggja nánar starf okkar þann veturinn. Hljóm-2 próf er svo tekið aftur á þeim börnum sem þurfa auka örvun í lok janúar og framhaldið metið að nýju.

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af fagaðila árlega.

### Samstarf við grenndarsamfélag

Eins og áður segir er Víkin leikskóladeild í góðu samstarfi við Grunnskóla Vestmannaeyja. En við erum þó ekki einungis í samstarfi við skólann, við leggjum einnig áherslu á að vinna með öðrum úr okkar næsta nágrenni og má þar helst nefna Hraunbúðir, dvalarheimili aldraðra í

Vestmannaeyjum. En við förum einu sinni í mánuði og syngjum fyrir heimilisfólk.



Við vinnum með Slökkviliði Vestmannaeyja og Lögreglunni í Vestmannaeyjum að fræðslu fyrir börnin. Fáum þá bæði í heimsókn til okkar og kíkjum í heimsókn til þeirra. Auk þess kíkjum við í vettvangsferðir víða um bæinn, Sæheimar, Sagnheimar og Eldheimar eru meðal þeirra safna sem við heimsækjum ár hvert. Að auki kíkjum við í heimsókn í önnur fyrirtæki hér í Eyjum og kynnum okkur starfsemi þeirra í óvissuferð okkar að vori.



## Samstarf við foreldra

Við í Víkinni 5 ára deild leggjum mikla áherslu á að hafa gott samstarf við foreldra. Við upphaf árs, þegar börnin byrja hjá okkur höfum við einstaklingsviðtal, þar sem foreldrar og deildarstjóri fá tækifæri til að stilla saman strengi fyrir komandi ár. Einstaklingsviðtal er svo aftur í mars, en þá fáum við tækifæri til að endurmeta stöðuna og ræða framhaldið. Hópfundur með foreldrum er haldinn snemma að hausti þegar starfsemin er að komast í gang. En þar kynnum við starf vetrarins og ræðum við foreldra. Að auki fundum við með foreldrum þegar við höfum áhyggjur af þroska eða hegðun barns.



Karellen er leikskólaapp sem notað er fyrir flest samskipti, þar setjum við inn myndir, fréttir og sendum foreldrum skilaboð ef þess þarf. Karellen fylgir heimasíða, [www.vikin.leikskolinn.is](http://www.vikin.leikskolinn.is). Þar er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um starfsemi leikskólans ásamt fréttum af starfinu okkar. Við erum einnig með facebook síðu fyrir hverja deild, þar sem settar eru inn tilkynningar til foreldra og sagt frá því sem við erum að gera á hverjum degi.



Einu sinni á önn erum við með foreldrakaffi, þar sem foreldrum er boðið í heimsókn til okkar í smá spjall og kaffi og fá þá í smá stund að taka þátt í leik og starfi með börnunum og fá að sjá nánar hvað börnin þeirra eru að gera í leikskólanum.

Víkin á fulltrúa í foreldrafélagi Grunnskóla Vestmannaeyja, að þessu sinni eru það Linda Ósk Hilmarsdóttir, Guðný Bernódusdóttir og Erla Signý Sigurðardóttir

---

Guðný Bernódusdóttir, foreldri

---

Linda Ósk Hilmarsdóttir, foreldri

---

Erla Signý Sigurðardóttir, foreldri

---

Guðrún Sigríður Þorsteinsdóttir,  
aðstoðareikskólalastjóri í Víkinni

---

Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólalastjóri GRV